



Heiðrún

Heiðrún er rafrænt skýrsluhaldskerfi fyrir geitfjárrækt, þróað af tölvudeild Bændasamtaka Íslands (bondi.is) en úrvinnsla gagna og leiðbeiningar eru á höndum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins – RML - (rml.is).

Skýrsluhaldskerfið heldur m.a. utan um upplýsingar um ætterni, búfjárdóma, afurðir, afföll og frjósemi. Í allri búfjárrækt er gott skýrsluhald undirstaða framfara í ræktun og ýmiskonar rannsókna á búfé. Einnig er hægt að fylgjast með þróun skyldleikaræktar í stofninum. Skráning á hverjum grip er mikilvæg öllu ræktunarstarfi í búgreininni, auk þess sem þátttaka í skýrsluhaldi er forsenda fyrir stuðningi sem fæst á hvern ásettan grip.

Að taka þátt í skýrsluhaldi gerir eigandanum auðveldara að halda utan um allar upplýsingar um bústofninn. Kerfið kemur til með að geta reiknað spá um kynbótagildi hvers grips, sem er byggð á þeim upplýsingum sem færðar eru í grunninn.

Skýrsluhald er öflugt verkfæri í búfjárrækt. Þannig getur búfjáreigandi séð nokkuð vel hvaða gripir koma til með að skapa framför á búinu og einnig séð að nokkru leyti stöðu búsin á landsvísu hvað varðar þá eiginleika sem metnir eru af skýrsluhaldskerfinu.

Til að fá aðgang að skýrsluhaldskerfinu Heiðrónu þarf viðkomandi geitfjáreigandi að vera skráður búfjáreigandi hjá Marvælastofnun (mast.is) og hafa bæjarnúmer og mark sem sótt er um hjá markaverði (landsmarkaskra.is).

Ef eigandi geitnanna eða sá sem skráður er umráðamaður (umráðaaðili) búsin sem geiturnar eru haldnar á, hefur ekki aðgang að bændatorginu (torg.bondi.is), þá þarf að byrja á að virkja bændatorgið fyrir kennitölu viðkomandi. Þegar fyrir liggur aðgangur að bændatorginu, er haft samband við starfsmenn tölvudeildar Bændasamtakanna og óskað eftir aðgangi að Heiðrónu. Til að komast inn í öll kerfi Bændasamtakanna eða þau kerfi sem Bændasamtökin tengjast, nema WorldFeng þarf að fara í gegnum bændatorgið.

Kerfið Heiðrún er í raun hið sama og fjárvískerfið sem notað er í skýrsluhaldi sauðfjárræktarinnar og ef bóndi heldur sauðfé auk geitnanna, þá velur hann, eftir að hafa skráð sig inn í fjárvís, hvort hann ætlar að vinna með upplýsingar um sauðfé eða geitur.

Ef geitfjáreigandi sem hyggst nota Heiðrónu til að skrá geitur sínar og hefur fengið aðgang að kerfinu, þarf á aðstoð að halda veitir Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins leiðbeiningar um notkun kerfisins.

Þeir starfsmenn RML sem fara með málefni geitfjárræktarinnar eru:

Eypór Einarsson, Sauðárkróki, sími: 516 5014, netfang: ee(hjá)rml.is.

Lárus G. Birgisson, Hvanneyri, sími: 516 5033, netfang: lgb(hjá)rml.is.

Skýrsluhaldsfulltrúar RML eru:



Anna Guðrún Grétarsdóttir, Akureyri, sími: 516 5005, netfang: agg(hjá)rml.is.
Sigurður Kristjánsson, Reykjavík, sími: 516 5043, netfang: sk(hjá)rml.is.

Þeir starfsmenn RML sem starfa við sauðfjárræktina, auk Eypórs og Lárusar, eru einnig þaukunnugir notkun kerfisins.

Leiðbeiningar um notkun kerfisins er að finna á vefsíðu rml.is og má þar notast við leiðbeiningar fyrir fjárvís.

Verðskrá vegna notkunar Heiðrúnar er eftirfarandi:

Stofngjald 15.500 kr.

Ef sótt er um aðgang að Heiðrúnu fyrir áramót (2016-2017) fellur stofngjald niður og ekki verður innheimt árgjald fyrir þetta ár (2016).

Árgjald:

1 – 10 gripir	3.110 kr
11- 50 gripir	7.510 kr
51 + gripir	15.500 kr.